

Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Reglur

um gerð fjárhagsáætlunar



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Inngangur

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er eitt mikilvægasta stjórnæki hvernar bæjarstjórnar og er stefnumarkandi um ráðstöfun tekna vegna meðal annars reksturs og fjárfestinga sveitarsjóðs.

Í 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er kveðið á um að bæjarstjórn skuli á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið. Í fjárhagsáætlun á að koma fram heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á viðkomandi tímabili og hún skal ná til allrar starfsemi sveitarfélagsins og stofnana þess og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sbr. 1. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Fjárhagsáætlun skal tryggja að fjármunum sveitarfélagsins sé ráðstafað í samræmi við ákvarðanir bæjarstjórnar. Úr sveitarstjóði verða því almennt ekki greiddir neinir fjármunir nema til þess sé heimild í fjárhagsáætlun.

Helstu markmið bæjarstjórnar Vesturbyggðar við fjárhagsáætlanagerðina eru:

- Að áætlanir byggist á stefnumörkun bæjarstjórnar á hverjum tíma.
- Að rekstrarútgjöld grundvallist á tekjum sveitarfélagsins eins og kveðið er á um í sveitarstjórnarlögum.
- Að forstöðumenn hafi athafnafrelsi innan viðkomandi deilda til úthlutunar fjármagns milli fjárhagslykla.
- Að ábyrðarmörk stjórnenda og starfsmanna séu skýr.

Hlutverk

Bæjarstjórn/Bæjarráð Vesturbyggðar:

- Mótar stefnu til skemmri og lengri tíma og áherslur sem fjárhagsáætlun byggist á.
- Ræðir frumvarp að fjárhagsáætlun á tveimur fundum.
- Afgreiðir tillögur sem fela í sér breytingar á gjaldskrá, þjónustustigi, nýja starfsemi og starfsemi sem áformað er að leggja af.
- Hefur eftirlit með rekstri málaflokka.
- Fjallar um tillögur varðandi nýframkvæmdir og nýkaup á búnaði, tækjum og áhöldum.
- Fjallar um skiptingu tekna milli rekstrargjalda og fjárfestinga í áætlun.
- Bæjarstjórn kallar sviðsstjóra ásamt forstöðumönnum til fundar ef þurfa þykir.
- Bæjarstjórn getur hafnað áætlun og getur krafist þess að hún verði endurunnin.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Bæjarstjóri:


- Ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd áætlanagerðar.
- Leggur fyrir bæjarstjórn tillögur að skiptingu áætlaðra tekna næsta fjárhagsárs milli rekstraráætlunar og fjárfestingaáætlunar.
- Gerir tillögu til bæjarstjórnar að fjárhagsrömmum málaflokka.
- Felur forstöðumönnum og sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að ganga frá tillögum að fjárhagsáætlunum og stefnu í málefnum viðkomandi þjónustueininga.
- Leggur fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlunum til næstu fjögurra ára.
- Leggur fyrir bæjarstjórn tillögur að breytingum á gjaldskrá og þjónustu.
- Hefur eftirlit með rekstri málaflokka og fylgist með því að áætlunum sé fylgt.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs:

- Gerir tekjuáætlunir og leggur fram yfirlit um helstu forsendur varðandi þróun tekna í samráði við bæjarstjóra.
- Leggur mat á almennar verðlagsbreytingar og aðrar forsendur við áætlanagerðina.
- Útbýr launaáætlun í samráði við forstöðumenn.
- Útbýr vinnublöð vegna fjárhagsáætlunar.
- Fer yfir fjárhagsáætlunir einstakra málaflokka og leiðbeinir varðandi samræmda framsetningu.
- Er forstöðumönnum ráðgefandi varðandi þeirra verkefni við gerð fjárhagsáætlunar.
- Hefur eftirlit með rekstri málaflokka og fylgist með því að áætlunum sé fylgt.
- Sér um fjölföldun á fjárhagsáætlun til handa þeim stjórnendum og kjörnum fulltrúum sem eftir því leita.
- Annast frágang og útgáfu frumvarps að fjárhagsáætlun.
- Annast útgáfu og birtingu endanlegar fjárhagsáætlunar.
- Gefur bæjarstjórn með reglubundnum hætti upplýsingar um rekstur málaflokka með samanburði við áætlunir.
- Áætlar afskriftir, innri leigu og fleiri þætti.

Aðalbókari:

- Hefur umsjón með og sinnir eftirliti með bókhaldi Vesturbyggðar.
- Sér um afstemmingar og aðra úrvinnslu úr fjárhagsbókhaldi Vesturbyggðar.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

- Undirbýr fjárhagsgögn úr bókhaldi Vesturbyggðar vegna gerðar fjárhagsáætlunar.
- Veitir sviðsstjórum og forstöðumönnum upplýsingar og gögn vegna vinnslu fjárhagsáætlunar.

Fagnefndir:

- Eru bæjarstjórn til ráðuneytis um stefnumótun og forgangsörðun verkefna við gerð fjárhagsáætlunar.
- Nefndum eru kynnt drög að fjárhagsáætlun viðkomandi málaflokka og þeim gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum/ábendingum.
- Heimastjórnir eru bæjarstjórn til ráðuneytis um stefnumótun og forgangsörðun verkefna og skila inn tillögum að verkefnum.

Sviðsstjórar og forstöðumenn:

- Skipta fjárhagsramma deildar/stofnunar milli verkefna og áætla niður á lykla.
- Bera ábyrgð á því gagnvart bæjarstjóra og bæjarstjórn að rekstur málaflokka og deilda sé innan útgjaldaramma og í samræmi við almenn markmið með starfseminni og samþykktar bæjarstjórnar.
- Bera ábyrgð á því að breyta þjónustu, opnunartímum og gjaldskrá, enda hafi tillaga um það komið fram í starfsáætlun og hlotið staðfestingu bæjarstjórnar.

Sviðsstjórum og forstöðumönnum er heimilt m.a.:

- Að færa útgjöld milli fjárhagslykla innan deildar, að bundum liðum frátöldum.
- Útboð, verðfyrirspurnir og samningagerð skal vera í samræmi við innkaupareglur Vesturbyggðar eins og þær eru á hverjum tíma. Samningar til lengri tíma en árs og/eða samningar sem spanna meira en eitt fjárhagsár þurfa samþykki bæjarstjórnar.

Svigrúm sviðsstjóra og forstöðumanna takmarkast af:

- Lögum og samþykktum sem gilda um málaflokkinn og deildina.
- Samþykktum bæjarstjórnar um almenn markmið starfseminnar.
- Útgjaldaramma og starfsáætlun sem bæjarstjórn hefur samþykkt.
- Gildandi kjarasamningum, samningum um ráðningarkjör, reglum um réttindi og skyldur starfsmanna.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Fjárfestingar og framkvæmdir

Um fjárfestinga-, framkvæmda- og viðhaldsáætlun gilda eftirfarandi vinnureglur.

a) Umhverfis- og framkvæmdasvið:

- Vinnur lista yfir verklegar framkvæmdir og kostnaðaráætlun fyrir verkefni næsta árs sem lagður er fyrir skipulags- og framkvæmdaráð og bæjarstjórn.
- Vinnur lista vegna viðhalds og framkvæmda á vegum Eignasjóðs. Við þá vinnu ber að hafa til hliðsjónar óskir og beiðnir frá sviðsstjórum og forstöðumönnum. Umhverfis- og framkvæmdasvið vinnur kostnaðaráætlun og leggur fyrir bæjarstjórn.

b) Sviðsstjórar og forstöðumenn:

- Senda óskir til umhverfis- og framkvæmdasviðs um viðhald og framkvæmdir á vegum Eignasjóðs.
- Leggja fram óskir um kaup á búnaði, áhöldum og tækjum sem nauðsynleg eru talin og senda til sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs með tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun. Forstöðumenn áætla kostnaðinn en geta óskað aðstoðar frá umhverfis- og framkvæmdasviði, bæjarstjóra eða fjármála- og stjórnsýslusviði. Ofangreindir listar skulu taka mið af þörf, m.a. vegna fyrri ákvarðana bæjarstjórnar og gildandi samningum.

c) Bæjarstjórn:

- Bæjarstjórn raðar verkefnum / fjárfestingum í forgangsörð. Við forgangsörðun er tekið mið af skiptingu ráðstöfunarfjár á milli rekstrar, fjárfestinga og framkvæmda, áður samþykktri fjögurra ára áætlun og nýjum áherslum sem tillögur eru gerðar um í næstu fjárhagsáætlun og breytingum á fjárhagsáætlunum.

Frávik frá starfs- og fjárhagsáætlunum

Sviðsstjórar og forstöðumenn skulu jafnt og þétt fylgjast vel með framvindu reksturs og fjárfestinga í samanburði við áætlanir og heimildir, upplýsa sviðsstjóra fjármála- og



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

stjórnsýslusviðs og bæjarstjóra um frávík ef efni og ástæða er til þannig að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir ef þörf krefur.

Til að stuðla enn frekar að skilvirkum rekstri málaflokka, stofnana og fyrirtækja Vesturbyggðar, skal með almennu eftirliti og samræmingu undirstrika að sviðsstjórar og forstöðumenn ber við ráðstöfun fjár að vera innan heimilda starfs- og fjárhagsáætlunar. Sviðsstjórar og forstöðumenn bera þannig ábyrgð á fjárreiðum sinna málaflokka, stofnana og fyrirtækja, rekstri og nýtingu fjármuna samkvæmt heimildum í fjárhagsáætlun hvers árs.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs hefur almennt eftirlit með framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar og veitir leiðbeiningar þar um. Hann fylgir eftir að sviðsstjórar og forstöðumenn hafi eftirlit með að heildarútgjöld og fjárfestingar séu í samræmi við heimildir. Verði sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs áskynja um frávík frá áætlun eða að hann telji að einhverjir þættir séu áhyggjuefni, ber honum að tilkynna það til bæjarstjóra.

Komi í ljós að heildarútgjöld að frádregnum tekjum eru umfram fjárhagsáætlun stofnunar eða fyrirtækis skal forstöðumaður tafarlaust skýra sínum sviðsstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs frá því og hverjar séu ástæður þess. Sama á við um fjárfestingar og framkvæmdir.

Samþykkt á x. fundi bæjarstjórnar, 28. maí 2025